

## Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 116

26. janúar 2022

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans þriðjudaginn 26. janúar 2021 kl. 8:30. Mættir: Flosi Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Í gegnum fjarfundarbúnað var Helgi Haukur Hauksson.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson*

### 1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykktar

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerði síðasta stjórnarfundar nr. 115 og var hún samþykkt.

### 2. Menntaskóli Borgarfjarðar – Staða og tækifæri

KPMG var falið að vinna greiningu á stöðu og tækifærum MB og átti Hjálmur Hjálmsson að vera gestur fundarins. Hann forfallaðist og af þeim sökum er þessum dagskrárlið frestað til næsta fundar stjórnar MB í mars.

### 3. Niðurstöður ársreiknings

Skólameistari fór yfir niðurstöður ársreiknings MB. Ákveðnir kostnaðarliðir voru hærri en reiknað var með, t.a.m. launakostnaður, tölvu- og símakostnaður, markaðskostnaður og afskriftir. Tekjur urðu jafnframt hærri. Til upprifjunar þá var ákveðið að leggja í kostnað varðandi skólaþróunarverkefni skólans, og eru niðurstöður í samræmi við það. Miðað við endurskoðaða fjárhagsáætlun sem samþykkt var á stjórnarfundum 24.08.2021 þá er niðurstaða ársreiknings 2021 nokkurn vegi á pari niðurstöðu hennar.

Umræður um niðurstöðurnar fóru fram.

### 4. Úttekt á ákveðnum liðum fjárhagsáætlunar 2022

Skólameistari fór yfir liði í kostnaðaráætlun MB, fyrir rekstrarárið 2022, að beiðni stjórnar á 115. fundi. Umræður fóru fram í kjölfarið.

### 5. Aðalfundur MB

Rætt um aðalfund MB sem að venju er haldinn að vori. Sveitarstjórnarkosningar eru í ár og bera upp á 14. maí. Aðalfund Menntaskóla Borgarfjarðar skal halda eftir kosningar samkvæmt samþykktum, en fyrir miðjan ágúst sama ár. Þar af leiðandi er ákveðið að halda fundinn í vikunni



**MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR**

20.-24. júní en þó með þeim fyrirvara að aðalfundi verði frestað fram í ágúst, komi upp þær aðstæður til dæmis m.t.t. kosninga.

## **6. Nemendagarðar MB**

Skólameistari fór yfir þá möguleika sem eru mögulega fyrir hendi varðandi breytta staðsetningu fyrir Nemendagarða.MB. Tveir möguleikar eru í stöðunni á þessum tímapunkti en óvissa er mikil í báðum tilvikum. Skólameistara er falið að fylgja málum og viðræðum eftir og verður málið sett á dagskrá næsta fundar stjórnar MB.

## **7. Framtíðarver**

Farið yfir stöðu mála er varðar uppbyggingu á framtíðarveri. Umræður eru yfirstandandi innanhúss varðandi rýmisskipulag, tækjakaup o.s.frv. Stefnt er að því að framtíðarverið taki til starfa haustið 2022 samhliða kennslu í STEAM fögum.

Rætt var um hvert hugsanlegt rekstrarform yrði á framtíðarveri. Mikilvægt er að taka upp samtal við aðila sem gætu hugsanlega nýtt sér framtíðarverið, en ætlunin er að það sé opið fleirum en nemendum MB, s.s.. grunnskólunum, háskólunum og almenningi.

Stjórn fagnar spennandi möguleikum framtíðarvers.

## **8. Samtal MB og FVA**

Skólameistari hefur átt samtal við skólameistara FVA varðandi samstarf á milli skólanna um eflingu iðnnáms á starfsvæðum skólanna. Stefnt er að því að skrifa undir samstarfsyfirlýsingu fljótlega og verður það kynnt formlega í kjölfarið.

Stjórn fagnar gangi mála.

## 9. Skólastarfið á nýju ári

Skólastarf gengur almennt vel, en janúar hefur verið þungur vegna ýmissa ástæðna s.s.vegna aðstæðna sem skapast hafa vegna Covid

Eins og áður var rætt er mikil vinna í gangi varðandi skólaþróunarverkefnið við MB.. Áhugaverðir fyrirlestrar og verkefni eru á döfnni vegna lífsnáms kennslu í skólanum. Ljóst er að margt spennandi er í þróun í þróun skólastarfsins, og hefur m.a. verið ákveðið að sækja um, til mennta- og barnamálaráðuneytisins, að fá verkefnið Menntun fyrir störf framtíðar skilgreint sem tilraunaverkefni. Sú skilgreining myndi gefa verkefni enn meira vægi og vera fyrirmynd fyrir fleiri framhaldsskóla.

Rætt um kynningarmál skólans og tillögur Hvíta hússins.

## 10. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp og er fundi slitið.